

12. gr.

43

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 200—5000 krónum. Viðurlög við 14. marz brotum á 2. gr. skulu vera minnst 500 krónur við fyrsta brot, og hækka síðan um 1000 krónur við hvert ítrekað brot upp í hámark. Sektarfé gangi til hafnarsjóðs Vestmannaeyja.

13. gr.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað, og er þá jafnframt úr gildi felld eldri fiskveiðisamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, nr. 79 14. marz 1947.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóv. 1917, og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. marz 1955.

Ólafur Thors.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

44

31. marz

um breyting á reglugerð nr. 101 19. maí 1943, um orlof.

1. gr.

Í stað 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Orlofsfé skal standa á heilum krónum þannig, að 50 aurar telst heil króna, en minni upphæð sleppt.

Gerð orlofsmerkja skal vera þessi: Stærð 20.5×24.5 millimetrar, ofantil inn á milli tveggja hringa standi orðið: ORLOF og neðantil orðið: KRÓNUR, en á miðju merkinu innan hringanna standi gildi hvers merkis í tölustöfum. Merkin skulu gefin út í 5 mismunandi verðgildum: 1 króna, 2 krónur, 5 krónur, 10 krónur og 50 krónur. 1, 2 og 5 krónu merkin séu brún, 10 krónu merkin græn og 50 krónu merkin blá.

2. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. maí 1955. Falla þá úr gildi 10, 20 og 50 aura orlofsmerkin, en þeim fæst skipt á póstafgreiðslum fyrir önnur orlofsmerki fram til 1. júlí 1955.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. marz 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.